

## 128. fundur

Skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms haldinn þriðjudaginn 10. febrúar 2009 kl. 18:30 á kaffistofu skólans.

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra
2. Önnur mál

Mætt voru: Jóhanna Guðmundsdóttir, skólastjóri, Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður, Daði Jóhannesson og Sigurborg Sturludóttir.

1. Smávægilegar breytingar hafa orðið á nemendum skólans eftir áramótin.

Þrjú hópar eru í tónfræði (1., 3. og 5. stig).

Skólagjöld fyrir vorönn verða send út í byrjun mars.

Lúðrasveitin verður með æfingabúðir í byrjun mars og stefnir að afmælistónleikum sumardaginn fyrsta en þá verður hún 65 ára.

Sótt er um 28 áfangapróf hjá prófanefnd þar af 21 hljóðfæra-/söngpróf og 7 tónfræðapróf.

Tónvest verður þetta árið á Akranesi. Farnar verða tvær ferðir, önnur með lengra komna nemendum 18. mars nk. og síðan verður einskonar samstarfsdagur og námskeiðsdagur tónlistakennara á Vesturlandi 13. mars nk.

Þann 4. maí verða skólatónleikar og almennir tónleikar á vegum skólahljómsveitar frá Lappeenranta.

Jóhanna hefur verið boðuð á fund 13. febrúar um byggingu skólahúsnæðis þar sem farið verður yfir stöðuna í hönnunarvinnunni.

Martin hefur sagt starfi sínu lausu frá og með næsta skólaári.

Starfsdagur sem átti að vera 23. febrúar (bolludagur) verður færður til 13. mars þegar starfsdagurinn verður á Akranesi.

2. Önnur mál.  
Umræða um fundatíma nefndarinnar.

Fundi slitið kl. 19.15.

Sigurborg Sturludóttir (sign.),

Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.),

Daði Jóhannesson (sign.),

Jóhanna Guðmundsdóttir (sign.)